

Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Bo	(B)
Áb.:		
19. JÚNÍ 2014		
Tilv.: MMR	12090251	
Db.:	6.14.1	



Reyðarfirði 18.júní 2014

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sigríður Lára Ásbergsdóttir
Björk Óttarsdóttir

Sölvhólgötu 4
105 Reykjavík

Efni: Framkvæmd umbóta í kjölfar úttektar á leikskólanum Lyngholti.

Í bréfi ráðuneytisins frá 10.júní s.l. var óskað eftir upplýsingum um framkvæmd þeirra umbóta sem áætlaðar voru í umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans á skólaárinu 2013-2014.

Gerð er grein fyrir umbótunum í töflu hér neðar en einnig fylgir með umbótaáætlun 2013-2014 en hún er á heimasíðu skólans, endurskoðuð í júní 2014 og var hún kynnt fræðslustjóra og stjórn foreldrafélags/foreldraráðs skólans.

Hér fyrir neðan má sjá töflu og nánari útskýringar þar sem farið er yfir umbótaáætlun skólans. Eins og sjá má í töflunni hafa flestar umbætur náð fram en þær sem ekki hafa náð bíða næsta skólaárs.

18.júní 2014
Virðingarfyllst,

Lísa Björk Bragadóttir
Lísa Björk Bragadóttir
leikskólastjóri

Sigrún Eva Grétarsdóttir
Sigrún Eva Grétarsdóttir
aðstoðarleikskólastjóri

Matspáttur	Tiillögur að aðgerðum til úrbóta samanber skýrslu	Áætlanir um úrbætur	Ábyrgð	Vinna hefst	Áætluð lok	Árangur: hvernig og hvenær mælt	Staða í júní 2014
1. Skóla- stefna	Aðlaga stefnu leikskólans að stefnu sveitarfélagsins, lögum um leikskóla 2008 og aðalnámskrá 2011.	Skipaður var námskrárhópur haustið 2012	Námskrárhópur	Haust 2012	Haust 2013	Ný námskrá	Vinnuáætlun gerð í kjölfar námskeiðs á vögum MRN í júní 2013. Vinnuáætlun er fylgt
2. Húsnæði, skólalóð og aðbúnaður.	Kanna viðhorf hagsmunaaðila til skólalóðar og í kjölfarið móta aðgerðaáætlun	Könnun meðal starfsmanna, foreldra og barna	Skólastjórar	Mars 2013	Ágúst 2013	Aðgerðaáætlun	Aðgerðaáætlun mótuð og náðst hæfur um 70% af henni
3. Húsnæði, skólalóð og aðbúnaður.	Brunabjöllur hljómi í öllum rýmum. Segull á rennihurðir	Setja upp viðeigandi búnað	Skólastjórar/ Umhverfissvið	Mars 2013	Júní 2013	Búnaður kominn upp	Búið að senda beiðni, ekki komið upp
4. Stjórnun og rekstur	Starfslýsingar fyrir öll störf.	Gera þarf starfslýsingar fyrir matráð og leiðbeinendur	Skólastjórar	Mái 2013	Desember 2013	Starfsmanna-handbók	Starfslýsingar eru í starfsmanna handbók
5. Stjórnun og rekstur.	Verkferlar eru skýrir en þurfa allir að vera skriflegir.	Gera þrjá skriflega verkferla á ári.	Stjórnunarteymi	Mái 2013	Desember 2013	Starfsmanna-handbók/ heimasiða	Verkferill kominn fyrir aðlögun milli deilda, móttöku starfsmanna og ferli fyrir móttöku nýrra barna breytt
6. Mann- auður	Fylgja verkferlum við móttöku nýliða.	Starfsmaður fær alltaf einn dag í aðlögun og fær leiðbeinanda. Yfirfara verkferil sem til er	Skólastjórar og deildarstjórar	Mars 2013	Desember 2013	Verkferill í starfsmanna-handbók	Starfsmenn fá möppu í hendur og leiðbeinanda en ekki hæfur alltaf verið hægt að gefa dag í aðlögun, þó oftast
7. Uppeldi, menntun og umönnun	Dagskipulag skólans verði aðgengilegt á heimasiðu	Hér notum við orðið stundaskrá yfir dagskipulag	Nánar útskýrt neðar.				
8. Mann- auður	Aðgerðir til að auka hlutfall leikskólakennara	Hvetja til þess að fjarnám í leikskólakennarafræð um verði alvöru fjarnám fyrir fólk á landsbyggðinni	Fræðslustjóri/ bæjarstjórn	Apríl 2013	Mái 2013	Fjarnám fært í eðlilegt horf í HÍ og HA	Fræðslustjóri og bæjarstjóri sendu bréf á HÍ og HA 2013
9. Mann- auður	Áætlun verði gerð um	Stöður eru auglýstar	Nánar útskýrt				

auður	endurnýjun í starfsmannahópnum	og mannaðar áður en eldri starfsmaður hættir	neðar.				
10.Uppeldi menntun og umönnun.	Endurskoða má aðlögun vegna tilfærslu nemenda milli deilda	Vinnureglur um hvemig haga eigi flutningi barna á milli deilda.	Skólastjórar/deildarstjórar	Febrúar 2013	Desember 2013	Verkferill í starfsmanna-handbók/heimasiðu	Tilbúið
11.Uppeldi menntun og umönnun.	Kanna viðhorf foreldra og starfsmanna vegna aldursblöndunar á deildum.	Tilraunaverkefni sem lýkur með mati foreldra og starfsmanna vorið 2013. Ánægja foreldra kom fram á fundi í nóv.2012.	Skólastjórar	Agúst 2011	Júní 2013	Niðurstöður könnunar birtar í umbótaáætlun og á heimasíðu	Tilbúið
12.Uppeldi menntun og umönnun.	Auka má þátttöku foreldra og nemenda við val á leikefni.	Umræður með börnunum hvað þeim finnst æskilegt. Börnin velji skipulega hvað er í boði í val tímum Könnun meðal foreldra	Deildarstjórar	Mars 2013	Desember 2013	Listi yfir val og valstjóra. Niðurstöður umræðufunda sýnilegar	Hefur ekki gengið nógu markvisst eftir. Verður gert í foreldrasamtölum haustið 2014
13.Uppeldi menntun og umönnun.	Gera þarf fornlegra mat á liðan nemenda.	Liðan nemenda könnuð í gegnum broskarlamat og spurningar til foreldra.	Nánar útskýrt neðar	Mars 2013	Mái 2013	Niðurstöður birtar í umbótaáætlun	Tilbúið
14.Uppeldi menntun og umönnun.	Ekki er eins tekið á málum á milli deilda og leita þarf leiða til að bæta úr því.	Fylgjum Uppeldi til ábyrgðar. Tekið er mism. á málum barna á mism.þroskastigum	Nánar útskýrt neðar				
15.Uppeldi menntun og umönnun.	Meiri tíma þarf til að innleiða stefnu.	Áhersluatriðum er stillt í hof.	Skólastjórar	2010	2015	Stefnan í notkun hjá öllum	Námskeið í Uppeldi til ábyrgðar
16.Innra mat	Innra mat þarf að vera í fullu samræmi við lög og aðalnámskrá. Umbótaáætlun þarf að liggja fyrir og kynna matið hagsmunaaðililum.	Setja fram umbótaáætlun byggða á þeim könnunum sem gerðar verða	Skólastjórar	Mars 2013	Júní 2013	Umbótaáætlun á heimasíðu Kynnt foreldrum/fræðslunefnd	Tilbúið
17.Sérkennsla barna og sérfræðipjónusta sveitarfélagsins	Viðhorfskönnun meðal foreldra um gæði og þjónustu sérkennslu skólans. Kynna betur fyrir foreldrum hvaða þjónusta stendur þeim til boða.	Setja í könnun til foreldra 2013	Skólastjórar	Mars 2013	Júní 2013	Niðurstöður birtar í umbótaáætlun á heimasíðu	Tilbúið, kemur fram í Skólapólssi 2014
18. Ytra mat	Æskilegt að auka samtarf milli fræðslu- og fristundanefndar og stjórnenda skólans	Árlegir fundir skólastjóra með fræðslu- og fristundanefnd þar sem farið er yfir starf skólans og áætlanir	Fræðslustjóri		Desember 2013	Fundur haldnir	Fundur var haldinn í maí 2013

Nánari útskýringar:

Liður 7. Uppeldi og menntun: Dagskipulag verði aðgengilegt á heimasíðu.

Við notum orðið stundaskrá yfir dagskipulag og er það gert víða í leikskólum landsins. Þarna virðist um mismunandi orðalag að ræða. Stundaskrá hverrar deildar er aðgengileg á heimasíðunni en kerfið sem við notum býður ekki upp á að sýna stundaskrá skólans í heild, enda er hún aðeins mismundandi milli eldri og yngri deilda. Heildstæð stundatafla er send foreldrum í handbók við innritun barna þeirra.

Liður 8. Mannauður: Halda þarf áfram aðgerðum til að auka hlutfall leikskólakennara.

Fjarðabyggð styður nú þegar við nemendur í leikskólakennaranámi, bæði með beinum fjárstuðningi og eins með því að fólk heldur launum í ákveðinn tíma á meðan á fjarveru vegna náms stendur. Stöður eru auglýstar en leikskólakennarar sækja ekki alltaf um þær. Nauðsynlegt er að fjarnám verði skipulagt með þeim hætti að nemendur af landsbyggðinni geti stundað það samhliða vinnu. Fræðslustjóri og bæjarstjóri hafa sent Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri áskorun um stefnumörkun skólans og ósk um úrbætur á fjarnámi, þjónustu, tilhögun náms og framboði.

Liður 9. Mannauður: Áætlun verði gerð um endumýjun í starfsmannahópnum.

Í starfsmannaviðtölum að vori er rætt um komandi skólaár og óskir fólks varðandi það. Ef breytingar eru fyrirjáanlegar er brugðist við þeim með auglýsingum, tilfærslu í starfi og starfshlutfalli. Tekin eru fjarvistasamtöl.

Liður 13. Uppeldi og menntun: Æskilegt er að skólinn kanni með formlegri hætti en nú er, líðan nemdenda.

Líðan barnanna er metin út frá svörum foreldra í foreldrakönnunum og broskarlamati meðal elstu nemenda en matið er heimatilbúið. Vorið 2014 var Skólapúlsinn tekinn upp í öllum leikskólum Fjarðabyggðar.

Liður 14. Uppeldi og menntun: Leita þarf leiða til að samræma aðgerðir um hvernig tekið er á ýmsum agamálum.

Við fylgjum Uppbyggingarstefnunni varðandi agamál og nýtum okkur einnig ART með elstu nemendum skólans. Með því að fylgja Uppbyggingarstefnunni tökum við mismunandi á málum eins árs barns og fimm ára gamals barns. Þegar eitthvað kemur upp á, er lítið barn fjarlæggt úr aðstæðunum en hægt er að ræða við eldra barn um hvað sé æskileg og óæskileg hegðun.

Umbótaáætlun Lyngholts fyrir skólaárið 2013-2014

Í þessari áætlun koma fram þau atriði sem við stefnum á að vinna að á komandi skólaári.

Til hliðsjónar við vinnslu þessarar áætlunar eru eftirfarandi gögn:

*Úttekt á starfi leikskólans Lyngholts, skýrsla unnin fyrir Menntamálaráðuneytið 2012

* Starfsánægjukönnun meðal starfsmanna, febrúar 2013

* Broskarlamat meðal Öðlinga, júní 2013

* Eftirlitsskýrsla Heilbrigðisnefndar Austurlands, október 2013

Unnið verður að eftirfarandi á komandi skólaári:

1. Aðlaga stefnu leikskólans að stefnu sveitarfélagsins, lögum um leikskóla 2008 og aðalnámskrá 2011.
Námskrárhópur var skipaður haustið 2012, vinnuáætlun útbúin í júní 2013 og er henni fylgt. Lokið verður við endurskoðun námskrár skólans 2015
2. Kanna viðhorf hagsmunaaðila til skólalóðar og í kjölfarið móta aðgerðaáætlun: Könnuð voru viðhorf foreldra og starfsmanna. Sjá neðar.
3. Brunabjöllur þurfa að hljóma í öllum rýmum, Setja þarf segul á rennihurðir
Er ekki enn komið en búið að senda beiðni um á umhverfissvið
4. Starfslýsingar þurfa að vera fyrir öll störf.
Starfslýsingar fyrir öll störf eru komnar í handbók starfsmanna á sameiginlega svæðinu.
5. Verkferlar eru skýrir en þurfa allir að vera skriflegir.
Við settum okkur markmið um að gera þrjá skriflega verkferla á ári. Þetta árið breyttum við aðlögun barna á milli deilda, aðlögun nýrra barna og gerðum nýjan feril við móttöku nýrra starfsmanna. Allir ferlarnir eru í handbók starfsmanna á sameiginlega svæðinu:

a) Aðlögun milli deilda: Að öllu jöfnu flytjast börn milli deilda að vori. Í júní flytjast Öðlingar í salinn og önnur börn fara á þá deild sem þau verða næsta skólaár. Börn flytjast í hópum 1 eða 2 og láta deildarstjórar foreldra vita með góðum fyrirvara. Sérkennslustjóri og „gamli“ deildarstjórinn funda með starfsmönnum nýju deildarinnar áður en börnin koma og gert er skipulag um aðlögunina.

Nýi deildarstjórinn sendir foreldrum blað um flutninginn. Ef flytja þarf börn milli deilda fyrr að vetrinum gildir sama verklag en barn skal aldrei færð eitt á milli deilda nema í algjöru undantekningartilviki.

b) Aðlögun nýrra barna. Stuðst er við þátttökuaðlögun sem gerir ráð fyrir styttri aðlögunartíma en meiri og lengri þátttöku foreldra. Aðlögunarferlið er í handbók starfsmanna á sameiginlega svæðinu.

c) Móttaka nýliða: Við móttöku nýliða skal fylgt verkferli frá mannauðssviði. Sem og leikskólans. Verkferill er í starfsmannahandbók á netinu. Deildarstjóri felur einum starfsmanni deildarinnar (eða tekur að sér) að vera nýjum starfsmanni til stuðnings fyrstu vikunnar. Deildarstjóri tekur viðtal mánuði eftir að starfsmaður byrjar og tvisvar sinnum í viðbót ef þurfa þykir fyrstu þrjú mánuðina. Leikskólastjóri tekur viðtal við starfsmanninn áður en þriggja mánaða reynslutíma lýkur. Nýr starfsmaður fær afhenta möppum með gátlistum og upplýsingum um starfið.

6. Kanna viðhorf foreldra og starfsmanna vegna aldursblöndunar á deildum.

Niðurstöður könnunar meðal foreldra um eins til þriggja ára deildir var eftirfarandi: 13 vilja aldursblandaðar deildir, 6 vilja aldursskiptar. Á grundvelli reynslu síðustu tveggja ára og þessarar könnunar var því ákveðið að hafa deildirnar áfram aldursblandaðar og samvinnu árganga á deildunum.

7. Gera mat á líðan nemenda:

Árlega gerum við broskarlamat á meðal Öðlinga á ýmsum þáttum í starfinu. Þetta árið bættum við inn spurningu um líðan barnsins. Niðurstöður eru á heimasíðu skólans en þar má sjá að íþróttastarfið, grunnskólaheimsóknir, ævintýraferðir og markviss málörvun fær toppinkunn. Huga þarf að líðan nemenda þar sem 2 svara því að þeim líði illa. Minnst ánægja er með söngfundu. Varðandi leikefni og það sem þarf að laga í leikskólanum er engin ein lína. Meira dót vantar þó svo sem pleymó, dúkkur og risaeðlubók. Síðan þarf að færa til borð, setja nýtt á stigann og laga þakið. Komnar eru dúkkur og búið að lagfæra bæði stigann og þakið.

8. Niðurstöður úr starfsánægjukönnun meðal starfsmanna:

a. Flestir starfsmenn telja að starfsfólk skólans sé einhuga um að skapa andrúmsloft, þar sem traust, virðing, og sjálfstraust skipa veglegan sess

og eru jafnframt mjög eða nokkuð áncægðir í starfi. Stefna og markmið skólans eru skýr og er uppeldi til ábyrgðar sterkt í stefnunni en skerpa þarf á fjölgreindarkenningunni og einkunnarorðunum okkar. Allir starfsmenn upplifa að leitað sé eftir álitum þeirra. Skapa þarf skýrari og markvissari aðstæður til að ræða við starfsmenn um frammistöðu þeirra í starfi, þó virðist starfsmönnum veitast auðvelt að leysa þau verkefni sem þeir glíma við í starfi en gera má fólki betur grein fyrir hlutverki sínu og starfssviði.

Mjög misjafnar skoðanir eru á skipulagi skólalóðarinnar.

9. Samstarf milli fræðslu- og fristundanefndar og stjórnenda skólans:

Aðstoðarskólalastjóri kynnti stöðu skólans fyrir á fundi með nefndarmönnum í júní 2013. Farið var yfir fjárhagsstöðu, stefnu, viðhaldspörf, ógnanir og tækifæri.

10. Aðgerðaáætlun vegna skólalóðar:

Skipta um sand og öryggissand - lokið

Malbika stíg - lokið

Fylla í holur og þökuleggja - lokið

Setja grasmottur í kringum rennibraut - lokið

Færa moldarhaug og opna frjálst svæði fyrir utan lóð - ólokið

Lagfæra skv. athugasemdum frá HAUST þ.á.m. girðingu, þakskegg,

fallundirlag og fallhættu. - ólokið

Áætlun endurskoðuð og metin í júní 2014.

Lísa Björk Bragadóttir, Sigrún Eva Grétarsdóttir
Lísa Björk Bragadóttir og Sigrún Eva Grétarsdóttir